

# Launavinna ungmenna og staða foreldra

Margrét Einarsdóttir, félagsfræðingur, PhD



Margrét Einarsdóttir

## Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar er að skoða tengsl stöðu foreldra við launavinnu 13–17 ára íslenskra ungmenna, við umfang bæði sumarvinnu og vinnu með skóla svo og við neyslumynstur vetrarvinnuhópsins. Tengslin hafa lítið verið skoðuð í íslensku samhengi. Spurningalisti var lagður fyrir 2000 manna tilviljunarúrtak 13–17 ára ungmenna í þjóðskrá árið 2008. Svarhlutfallið var 48,4%. Spurt var hvort unga fólk hefði verið í sumarvinnu, hvort það ynni með skóla og í hvað vetrarvinnuhópurinn notaði tekjur sínar. Menntun var notuð sem mælikvarði á stöðu foreldra. Kí-kvaðrat próf var notað til að reikna tölfræðilega marktækni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að börn foreldra sem hafa minni menntun eru yngri þegar þau byrja í sumarvinnu og líklegri til að vinna mikið með skóla og nota vetrarlaunin í brýnar nauðsynjar heldur en börn foreldra með háskólamenntun. Menntun er ekki beinn mælikvarði á fjárhagsstöðu foreldra. Engu að síður vekur rannsóknin upp spurningar um það hvort bág efnahagsstaða foreldra leiði til vinnu með skóla og hvort íslenska velferðarkerfið styðji ekki nógu vel við ungt skólafólk fjárhagslega. Niðurstöðurnar geta nýst skólafélagsráðgjöfum og félagsráðgjöfum innan félagsþjónustunnar.

**Lykilorð:** sumarvinna, vinna með skóla, neysluvenjur ungmenna, staða foreldra.

## Abstract

The study examines the association of parental status with paid work of 13–17-year-old Icelanders; with the extent of both summer and term-time work, as well as with the spending of the young workers. Hitherto, research on the connection has been lacking in Iceland. A self-reported survey was carried out in 2008 amongst 2000 young people, aged 13–17, randomly selected from the Registers Iceland. The response rate was 48.4%. The young people were asked whether they undertook paid summer work and paid term-time work, and how they spent their term-time income. Education was used as an indicator of parental status. A Chi-square test was used to test statistical significance. The results show that children of parents with lesser education are younger when they start summer work, more likely to participate in intensive term-time work, and to use their term-time income on necessities than their counterparts of parents with university education. Education is not a direct measurement of income. Nevertheless, the research provokes the questions whether some young Icelanders undertake term-time work out of economic hardship and wheth-

er the Icelandic welfare-system does not sufficiently support young people financially. The results can help social workers in school consulting and within the social service in their work.

**Key words:** child and teenage work, young worker's spending, parental status.

## Inngangur

Frá því snemma á 20. öld hefur það verið meginhlutverk barna og unglunga í iðnvæddum, vestrænum ríkum að ganga í skóla og mennta sig og reynt hefur verið að halda þeim fjarri launaðri vinnu (Margrét Einarsdóttir, 2014). Hlutverkið er meðal annars tryggt í lögum um skólaskyldu og um lágmarksaldur við vinnu. Slík lög voru samþykkt í flestum löndum Evrópu og Norður-Ameríku fyrir lok 19. aldar (Dahlén, 2007), þó ekki á Íslandi fyrr en við lok þeirrar tuttugustu (Guðný Björk Eydal, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Einarsdóttir, 2009; Margrét Einarsdóttir, 2014). Það er í samræmi við menntunarhlutverk ungmenna að þeim er tryggður réttur til framfærslu í lögum. Þannig er kveðið á um réttinn í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samkvæmt íslenskum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, er foreldrum skylt að framfleyta börnum sínum yngri en 18 ára. Samkvæmt sömu lögum er sveitarfélagi síðan skylt að styðja við fjölskylduna geti foreldrar af einhverjum ástæðum ekki staðið við framfærsluskyldur sínar. Opinberan fjárstuðning við barnafjölskyldur er einnig að finna í formi barnabóta sem allir foreldrar njóta í einhverjum mæli. Í nágrannalöndum okkar er oft um fasta upphæð að ræða en hér á landi hafa barnabætur löngum verið tekjutengdar (Jeans, 2014).

Rannsóknir sýna að rétturinn til framfærslu og til menntunar hefur ekki orðið til þess að stálpuð börn og unglingar á Vesturlöndum láti af allri launaðri vinnu. Þvert á móti leiða rannsóknir í ljós að nokkuð er um að vestræn ungmenni stundi launaða vinnu af einhverju tagi. Skólaganga aldurshópsins þýðir þó að yfirleitt er um hlutastörf að ræða og að ungmennin fara oft úr einni vinnu í aðra, stundum með hléum á milli (Liebel,



2004; Margrét Einarsdóttir, 2014). Ísland hefur síðan sérstöðu hvað sumarvinnuna varðar, bæði er þátttaka í sumarvinnu óvenju mikil hér og vinnudagurinn langur (Margrét Einarsdóttir, 2014). Í norrænu samhengi sker Ísland sig hins vegar ekki úr þegar kemur að þátttöku í vinnu með skóla, þó að vinnuvika íslenskra ungmenna, sem á annað borð vinna með skóla, sé hlutfallslega löng (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1999; Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2010).

Í ljósi þess að meginhlutverk barna og unglunga er að vera í skóla en ekki í vinnu er skiljanlegt að mikið hefur verið fjallað um hugsanleg neikvæð áhrif mikillar vinnu með skóla á námsárangur (McCoy og Smyth, 2007). Minna hefur á hinn bóginn farið fyrir fræðilegri umræðu um það hvers vegna börn og unglingar á Vesturlöndum stunda launaða vinnu. Þær rannsóknir sem fyrir liggja, bæði hérlendar (Margrét Einarsdóttir, 2013) og erlendar (t.d. McDonald, Bailey, Price og Pini, 2012; Mizen, Pole og Bolton, 2001; Mortimer, 2003), benda til þess að helsta ástæða vinnunnar sé fjárhagsleg. Tekjurnar sem vinnan gefur af sér eru með öðrum orðum það sem unga fólkið er fyrst og fremst að sækjast eftir.

Samkvæmt rannsóknnum notar mikill meiri hluti ungmenna að minnsta kosti hluta launanna í hluti sem varla verða flokkaðir til brýnna nauðsynja, í hluti eins og skyndibita, bíóferð, snyrtivörur og/eða dýran merkjavörulæðnað. Launin geta líka farið í enn dýrari hluti, til dæmis tölvu, utanlandsferð eða jafnvel bíl. Í umræðu um neyslu ungra launamanna hafa rannsakendur stundum flokkað slíka eyðslu sem óþarfa (t.d. Greenberger og Steinberg, 1986). Eigi að síður sýna rannsóknir mikilvægi neysluvarnings í félagslegum samskiptum unglunga (Olsson, 2007). Mizen og félagar (2001) setja þennan neysluvædda félagsheim unga fólksins í samhengi við uppgang nýfjálsbyggjunnar á síðustu áratugum og halda því fram að vöruvæðing fjálsbyggjunnar þýði að nú þurfi að borga fyrir margt sem áður var ókeypis í lífi barna og unglunga. Þau benda á að í heimalandi þeirra, Bretlandi, hafi afstæð fátækt aukist á sama tíma, og fullyrða að börn foreldra, sem falla undir afstæð fátækramörk, hafi í mörgum tilvikum ekki önnur ráð en að afla eigin tekna eigi þau ekki að vera útilokuð frá hinni vöruvæddu barnæsku.

Um aldamótin síðustu voru tengsl launavinnu ungmenna við stöðu foreldra skoðuð í nokkrum breskum og bandaríkum rannsóknum (Hobbs og McKechnie, 1997; Middleton og Loumidis, 2001; Morrow, 1994;

Mortimer, 2003; Schoenhals, Tienda og Schneider, 1998). Vert er að taka fram að ekki er til einhlítur mælikvarði á stöðu foreldra og mismunandi mælikvarðar notaðir í þessum rannsóknum, svo sem menntun, tekjur, hjúskaparstaða eða sambland einhverra þessara þátta. Niðurstöður rannsókna stýðja ekki þá ályktun að börn foreldra sem standa höllum fæti séu líklegri til að stunda launaða vinnu heldur en jafnaldrar þeirra sem eiga betur stæða foreldra. Til dæmis sýndi rannsókn Middleton og Loumidis (2001) að ólíklegri var að bresk börn einstæðra foreldra væru í launaðri vinnu en jafnaldrar þeirra sem bjuggu hjá báðum foreldrum. Þá sýna rannsóknir að bandarískir miðskólanemar sem vinna með námi koma hlutfallslega flestir úr millistéttafjölskyldum (Mortimer, 2003). Á hinn bóginn sýndi breska rannsóknin að hlutfall tekna barna af heildartekjum heimilisins var hærra í fátækum fjölskyldum en í betur stæðum fjölskyldum (Middleton og Loumidis, 2001). Að auki sýna fyrirliggjandi rannsóknir að einhver hluti ungra launamanna notar a.m.k. hluta launa sinna í brýnar nauðsynjar á borð við mat til heimilisins (Howieson, McKechnie og Semple, 2006; Mortimer, 2003).

Ísland sker sig að mörgu leyti úr hvað varðar vinnu barna og unglunga. Auk þess að búa við sérstöðu varðandi sumarvinnuna þá hefur vinna aldurshópsins löngum verið litin jákvæðum augum hér á landi (Margrét Einarsdóttir, 2014). Tengsl launavinnu ungmenna við stöðu foreldra hafa hins vegar lítt verið skoðuð í íslensku samhengi. Þá skortir almennt rannsóknir á tengslum þess að nota launin sín í brýnar nauðsynjar við hag foreldra. Rannsókninni, sem hér er kynnt, er ætlað að veita nýjar upplýsingar um þessa þætti og er menntun notuð sem mælikvarði á stöðu foreldra. Markmið hennar er þriðja. Í fyrsta lagi er ætlunin að skoða tengsl sumarvinnu 13–17 ára íslenskra ungmenna við stöðu foreldra og í öðru lagi að skoða tengsl umfangs vinnu með skóla við foreldrastöðuna. Í þriðja lagi er markmiðið að skoða í hvað ungmennin nota launin sín og kanna hvort tengsl sé að finna milli stöðu foreldra og þess að nota launin í brýnar nauðsynjar.

### Aðferðir

Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn þar sem ýmsar hliðar launaðrar vinnu 13–17 ára íslenskra ungmenna eru skoðaðar (Margrét Einarsdóttir, 2014). Rannsóknin er byggð á hópviðtölum og spurningakönnun. Það eru fyrst og fremst niðurstöður spurningakönnunarinnar sem hér eru til umfjöllunar. Vinna var skilgreind sem öll vinna sem laun eru þegin fyrir óháð því hvar



hún er stunduð. Þýði rannsóknarinnar var öll 13–17 ára ungmenni á Íslandi. Í byrjun árs 2008 var upplýsingabréf með beiðni um þátttöku sent til forráðamanna 2000 ungmenna úrtaks, valið tilviljunarkennt úr þjóðskrá. Forráðamenn sem samþykktu þátttöku barna sinna voru beðnir um að afhenda því umslag með upplýsingabréfi og lykilorði að rafrænum spurningalista. Þannig var ekki einungs forráðamanni heldur einnig unga einstaklingnum sjálfum veitt tækifæri til að samþykkja þátttöku í rannsókninni. Svarhlutfall var 48,4% og fleiri stúlkur í hópi svarenda (55,8%) en piltar (44,2%).

Ungmennin voru spurð að því hvort þau hefðu verið í sumarvinnu sumarið áður en rannsóknin var gerð, hvort þau ynnu með skóla og ef svo var, hve margar klukkustundir á viku þau ynnu með skóla og hvort þau væru í reglulegri vinnu eða ynnu eingöngu öðru hvoru. Hér er sumarvinna mæld á tvígildum kvarða, hvort ungmennin voru í sumarvinnu eða ekki, en vinna með skóla mæld á þrígildum kvarða; hvort þau unnu ekki með skóla, unnu mikið með skóla eða hvort atvinnuþátttaka þeirra með skóla var þar á milli og því hófleg. Að vinna reglulega og meira en tólf klukkustundir á viku með skóla er metið mikil vinna. Viðmiðið er sótt í íslenska löggjöf um vinnu barna og unglinga en hún meinar þeim sem enn eru í grunnskóla að vinna í meira en tólf klukkustundir á viku með skóla (*Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum* nr. 46/1980).

Vetrarvinnuhópurinn var spurður að því í hvað hann notaði launin sín. Spurningin var fjölvalsspurning, þ.e. hver svarandi gat valið fleiri en einn valmöguleika. Til þess að mæla hvort þeir sem vinna með skóla nota launin sín í brýnar nauðsynjar voru valmöguleikarnir „kaupi skólabækur“, „borga skólagjöld“, „kaupi í matinn“ og „borga heim“ lagðir saman í eina breytu með þremur gildum: Nota vetrarlaunin ekki í brýnar nauðsynjar, nota vetrarlaunin í eina brýna nauðsyn og nota vetrarlaunin í tvær eða fleiri brýnar nauðsynjar. Ekki er til neitt hlutlaust mat á því hvort ákveðnir neysluhlutir flokkist til brýnna nauðsynja eða ekki (Jón Þór Sturluson, Guðný Björk Eydal og Andrés Júlíus Ólafsson, 2011). Föt voru ekki flokkuð til brýnna nauðsynja hér þar sem rannsóknir sýna að ungt fólk notar launin sín oft til að kaupa dýr merkjaföt (Margrét Einarsdóttir, 2014). Þá þótti ekki ástæða til að flokka skipulagðar tómstundir til brýnna nauðsynja frekar en þær tómstundir ungmenna sem ekki eru skipulagðar af fullorðnum (t.d. ferð í skautahöll eða keilu). Menntun beggja foreldra var lögð saman og hún mæld á þrígild-

um kvarða: Foreldrar sem bæði hafa eingöngu lokið grunnmenntun, foreldrar sem bæði hafa lokið menntun á háskólastigi og foreldrar sem hafa aðra samsetningu menntunar.

Kí-kvaðrat próf var notað til að reikna tölfræðilega marktækni. Prófið er notað á tíðnitöflur og metur hvort marktækt samband sé á milli þeirra hópa sem taflan sýnir. Prófið leyfir hins vegar ekki að styrkur sambandsins sé metinn (Neuman, 2006). Miðað var við 95% vikmörk. Tölfræðigreiningin var unnin í tölfræðiforritinu SPSS.

### Niðurstöður

Nær allir sem svöruðu spurningalistanum, eða 98,1%, voru í skóla og 90,1% svarenda höfðu reynslu af launaðri vinnu. Samtals voru 83,6% í launuðu starfi sumarið 2007 og 46,8% í launaðri vinnu með skóla veturinn 2007–2008. Starf í vinnuskóla var algengasta sumarstarfið (39,0%) en verslunarstörf algengasta starf með skóla (53,3%). Atvinnuþátttakan jókst með hækkandi aldri, í sumarvinnu úr 76% meðal 13–15 ára í 97,3% meðal 16–17 ára og í vinnu með skóla úr 36,9% meðal 13–15 ára í 65,5% meðal 16–17 ára. Þá sagðist 85,6% svarenda vinna með skóla vegna þess að þeir vildu þéna peninga. Ástæða þótti til að skoða nánar í hvað unga fólk notar launin sín og hvort vinnan og neysluvenjurnar tengist stöðu foreldra.

Tafla 1. Hlutfall (%) ungmenna í sumarvinnu eftir menntun foreldra og aldri

Þátttaka í sumarvinnu	Menntun foreldra			Samtals
	Bæði með grunnám	Önnur samsetning	Bæði með háskólanám	
<b>13–15 ára</b>				
Ekki í vinnu	18,9	21,3	33,1	24,0
Í sumarvinnu	81,1	78,7	66,9	76,0
<b>16–17 ára</b>				
Ekki í vinnu	5,4	2,0	3,4	2,7
Í sumarvinnu	94,6	98,0	96,6	97,3
<b>Samtals</b>				
Ekki í vinnu	13,3	14,3	24,0	16,4
Í sumarvinnu	86,7	85,7	76,0	83,6

13–15 ára:  $\chi^2(2, n=534) = 8,22, p < 0,05^*$ . 16–17 ára:  $\chi^2(2, n=293) = 1,56, p > 0,05$ . Samtals:  $\chi^2(2, N=827) = 10,33, p < 0,05^*$ .

Tafla 1 sýnir að færri (76,0%) í hópi þeirra, sem eiga foreldra með háskólamenntun, eru í sumarvinnu en í hópi þeirra sem eiga foreldra með minni menntun (85,7–86,7%). Munurinn er tölfræðilega marktækur

fyrir hópinn í heild og fyrir 13–15 ára aldurshópinn sérstaklega. Með öðrum orðum, þá eru börn foreldra sem bæði hafa háskólamenntun að jafnaði eldri þegar þau byrja að vinna á sumrin heldur en börn foreldra með minni menntun.

**Tafla 2. Hlutfall (%) ungmenna sem vinna mikið með skóla eftir menntun foreldra og aldri**

Atvinnuþátttaka	Menntun foreldra			Samtals
	Bæði með grunnám	Önnur samsetning	Bæði með háskólanám	
<b>13–15 ára</b>				
Engin	60,4	59,6	73,2	63,1
Hóflæg	25,0	34,9	22,8	30,9
Mikil	14,6	5,5	3,9	6,0
<b>16–17 ára</b>				
Engin	34,5	32,4	41,1	34,5
Hóflæg	51,7	43,0	53,6	46,2
Mikil	13,8	24,6	5,4	19,3
<b>Samtals</b>				
Engin	50,6	50,0	63,4	53,3
Hóflæg	35,1	37,7	32,2	36,2
Mikil	14,3	12,3	4,4	10,6

13–15 ára:  $\chi^2(4, n=502) = 14,58, p < 0,05^*$ . 16–17 ára:  $\chi^2(4, n=264) = 10,85, p < 0,05^*$ . Samtals:  $\chi^2(4, N=766) = 14,80, p < 0,05^*$ .

Ungmenni sem eiga foreldra sem báðir hafa háskólamenntun vinna síður með skóla (36,6% á móti 49,6–50,0%) en ungmenni sem eiga foreldra með minni menntun og ef þau vinna eru þau síður í mikilli vinnu (4,4% á móti 12,3–14,3%) eins og tafla 2 sýnir. Munurinn er tölfræðilega marktækur fyrir hópinn í heild og fyrir yngri aldurshópinn. Marktækur munur mælist einnig hjá eldri aldurshópnum, en þar eru það ungmenni sem eiga foreldra með aðra samsetningu menntunar sem eru líklegust til að vinna mikið.

Tafla 3 sýnir að meira en tveir þriðju hlutar ungmenna sem vinna með skóla nota vetrarhýruna sína sem vasapening til að geta keypt hluti eins og nammi, pítsu eða skroppið í bíó og að litlu lægra hlutfall notar launin til að kaupa fót handa sjálfri/sjálfum sér. Ríflega helmingur vetrarvinnuhópsins leggur að minnsta kosti hluta launa sinna fyrir til framtíðar og um 45% til þess að safna fyrir dýrum gripum eins og tölvu og jafnvel bíl eða fyrir utanlandsferð. Nær einn af hverjum tíu greiðir fyrir skipulagðar tómsundur með sjálfsaflafé sínu og nokkur hluti fyrir það sem hér er flokkað sem brýnar nauðsynjar, þ.e. skólabækur (19,0%), mat fyrir heimilið (9,0%), skólagjöld (7,2%) og/eða borga heim (1,5%).

**Tafla 3. Í hvað þeir sem vinna með skóla nota vetrarlaunin**

Notkun	Hlutfall (%)
Safna til framtíðarinnar	53,7
Safna fyrir ákveðnum dýrum hlutum	44,7
Borga fyrir skipulagðar tómsundur	9,5
Kaupa fót handa sjálfri/sjálfum sér	62,7
Vasapeningur	68,1
Kaupa mat fyrir heimilið	9,0
Borga heim	1,5
Borga skólagjöld	7,2
Kaupa skólabækur	19,0
Annað	8,5
Samtals*	284,1

\*Spurningin er fjölvalspurning og heildarprósentutala svara því hærrí en 100.

**Tafla 4. Hlutfall (%) ungra launamanna sem nota vetrarlaunin í eina eða fleiri brýna nauðsyn eftir menntun foreldra og aldri**

Fjöldi brýna nauðsynja	Menntun foreldra			Samtals
	Bæði með grunnám	Önnur samsetning	Bæði með háskólanám	
<b>13–15 ára</b>				
Engin nauðsyn	78,3	90,5	91,9	89,3
Ein nauðsyn	17,4	6,6	8,1	8,1
Tvær eða fleiri	4,3	2,9	0,0	2,5
<b>16–17 ára</b>				
Engin nauðsyn	59,1	50,4	53,3	51,9
Ein nauðsyn	13,6	23,3	40,0	24,9
Tvær eða fleiri	27,3	26,4	6,7	23,2
<b>Samtals</b>				
Engin nauðsyn	77,8	75,2	79,1	76,2
Ein nauðsyn	6,7	13,2	19,4	13,5
Tvær eða fleiri	15,6	11,7	1,5	10,3

13–15 ára: Ekki mælanlegt þar sem væntigildið er lægra en fimm í meira en 20% tilvika.

16–17 ára:  $\chi^2(4, n=181) = 7,85, p > 0,05$ . Samtals:  $\chi^2(4, N=378) = 10,15, p < 0,05^*$ .

Tæplega fjórðungur þeirra sem vinnur með skóla notar vetrarlaunin í eina eða fleiri brýna nauðsyn (tafla 4). Hlutfallið hækkar með aldri. Það er ríflega tíundi hluti meðal 13–15 ára en nálgast helmingur meðal 16–17 ára. Marktækur munur mælist eftir menntun foreldra. Það er sjaldgæft (1,5%) að börn foreldra, sem bæði hafa háskólamenntun, noti vetrarlaunin í tvær eða fleiri brýnar nauðsynjar, en nokkuð er um það meðal þeirra sem eiga foreldra með minni menntun (11,7–15,6%). Þess ber þó að geta að munurinn mælist ekki marktækur í eldri aldurshópnum og að sökum úrtaksstærðar var ekki hægt að mæla hvort munurinn væri marktækur í yngri hópnum.



## Umræða og ályktanir

Í rannsókninni voru tengsl vinnu og neysluvenja ungs fólks á aldrinum 13–17 ára við stöðu foreldra skoðuð. Rannsóknin leiddi hvort tveggja í ljós, mun á umfangi vinnunnar og á neysluvenjum eftir stöðu foreldra. Börn foreldra, sem hafa minni menntun, eru yngri þegar þau byrja í sumarvinnu og líklegri til að vinna meira með skóla en börn foreldra sem bæði hafa háskólamenntun. Þá sýnir rannsóknin að ungmenni sem eiga foreldra með minni menntun eru líklegri til að nota vetrarlaunin sín í brýnar nauðsynjar en þau sem eiga báða foreldra með háskólamenntun.

Á Íslandi hefur vinna barna og unglunga verið í hávegum höfð, m.a. líta íslenskir foreldrar vinna barna sinna jákvæðari augum en foreldrar í nágrannalöndunum (Guðný Björk Eydal o.fl., 2009). Mörg íslensk ungmenni hafa vinnu aldurshópsins líka í hávegum. Þau leggja áherslu á rétt sinn til vinnu, að þau vilji vinna og að vinnan gefi þeim möguleika á að létta undir með foreldum sínum. Þau telja að þegar komið er fram á unglingsár sé ekki lengur við hæfi að vera fjárhagsleg byrði á foreldrunum (Margrét Einarsdóttir, 2014). Út frá slíkri sýn á vinnu barna og unglunga má líta niðurstöður rannsóknarinnar jákvæðum augum. Vinnan gefur ungum Íslendingum tækifæri til að bera björg í bú, taka þátt í neysluvæðingu æskunnar og að eiga jafnvel fyrir nauðsynjum á borð við skólabækur og skólagjöld án þess að þurfa að íþyngja foreldrum sínum fjárhagslega. Þar sem börn foreldra með minni menntun eru líklegri til að vera í mikilli vinnu, og þar sem gera má ráð fyrir að minna menntaðir séu almennt með lægri laun en meira menntaðir, má líka halda því fram að vinna unga fólksins virki sem ákveðið tekjujöfnunartæki í íslensku samfélagi.

Niðurstöður rannsóknarinnar eiga sér líka dekkri hliðar. Aðalhlutverk íslenskra barna og unglunga, eins og jafnaldra þeirra í nágrannalöndunum, er að vera í skóla og afla sér menntunar. Rannsóknir staðfesta neikvæð tengsl milli mikillar vinnu með skóla og námsárangurs (Mortimer, 2007). Niðurstöðurnar sem kynntar eru hér vekja ugg um að mikil vinna barna og unglunga úr illa stæðum fjölskyldum geti bitnað á námi þeirra og áleitnar spurningar um það hvort velferðarkerfið, bæði fjárhagsstuðningur sveitarfélaganna og barnabótakerfið, styðji nógu vel við bakið á ungu skólafólki. Rannsóknin sýnir að rétt tæpur helmingur 13–17 ára íslenskra ungmenna vinnur með skóla og að um fjórðungur þeirra notar að minnsta kosti hluta launanna í brýnar nauðsynjar. Sé hópurinn sem kominn er í framhaldsskóla skoðaður sérstaklega sést að tæplega tveir

þriðju hlutar hans vinna með skóla og að tæpur helmingur þess hóps notar launin í brýnar nauðsynjar, þar á meðal í skólabækur og skólagjöld. Rannsóknin bendir m.ö.o. til þess að nokkur hópur framhaldsskólanema þurfi að vinna með skóla einfaldlega til þess að standa straum af beinum kostnaði við skólagönguna. Niðurstöður sem bæði skólafélagsráðgjafar og félagsráðgjafar hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna ættu að hafa í huga.

Rannsóknin hefur þær takmarkanir að lágt svarhlutfall dregur úr alhæfingargildi niðurstaðna, en almennt er talið að svarhlutfall undir 50% dragi úr alhæfingargildi. Þá verður að taka niðurstöðurnar um tengslin milli vinnu ungmenna og stöðu foreldra með þeim fyrirvara að þær byggjast á einfaldri tölfræðigreiningu, að styrkur sambandsins er ekki mældur og að ekki eru teknar margar breytustærðir inn í myndina (Field, 2009). Einnig verður að hafa í huga að menntunarstaða foreldra er aðeins óbeinn mælikvarði á efnahaglega stöðu þeirra (Margrét Einarsdóttir, 2014). Vert er að benda á að rannsóknin var gerð þegar mikil þensla var í íslensku efnahagslífi og börn og unglingar áttu greiðan aðgang að atvinnu, en atvinnuframboð auk fleiri þátta, svo sem kyns og aldurs, gæti spilað inn í tengslin milli vinnu ungmenna og stöðu foreldra. Því er brýnt að gera frekari rannsóknir á tengslum launavinnu ungmenna og stöðu foreldra þar sem horft er á fleiri breytustærðir, m.a. á hjúskaparstöðu og tekjur foreldra.

## Heimildir

- Dahlén, M. (2007). *The negotiable child: The ILO Child Labour Campaign 1919–1973*. (Doktorsritgerð), Uppsala Universitet, Uppsala.
- Field, A. (2009). *Discovering statistics using SPSS* (3. útg.). Los Angeles og London: Sage.
- Greenberger, E. og Steinberg, L.D. (1986). *When teenagers work: The psychological and social costs of adolescent employment*. New York: Basic Books.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (1999). *Barn- og ungdomsarbete i Norden*. Nord 1999:23. København: Nordisk Ministerråd.
- Guðný Björk Eydal, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Einarsdóttir. (2009). Working children in Iceland: Policy and the labour market. *Barn*, 3–4, 187–203.
- Hobbs, S. og McKechnie, J. (1997). *Child employment in Britain*. Edinburgh: The Stationery Office.
- Howieson, C., McKechnie, J. og Semple, S. (2006). *The nature and implications of the part-time employment of secondary schools pupils*. Edinburgh: Scottish Executive Social Research, The Department of Enterprise, Transport and Lifelong Learning.
- Jeans, C.L. (2014). Children's rights in policy and poverty. *Tímarit félagsráðgjafa*, 8(1), 12–19.
- Jón Þór Sturluson, Guðný Björk Eydal og Andrés Júlíus Ólafsson. (2011). Íslensk neysluviðmið. Reykjavík: Velferðaráðuneyti.



- Liebel, M. (2004). *A will of their own: Cross-cultural perspectives on working children*. London, New York: Zed Books.
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Með áorðnum breytingum.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1980. Með áorðnum breytingum.
- Margrét Einarsdóttir. (2013). Happy without money of their own? The case of Iceland. Í Carl Marklund (ritstj.), *All well in the welfare state? Welfare, well-being and the politics of happiness* (bls. 103–134). Helsinki: Nordic Centre of Excellence NordWel.
- Margrét Einarsdóttir. (2014). *Paid work of children and teenagers in Iceland: Participation and protection*. Óbirt doktorsritgerð, Háskóli Íslands: Félags- og mannvísindadeild.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *A comparative research among 16 to 19 years old students in the Åland Islands, Denmark, The Faroe Islands, Finland, Greenland, Iceland, Norway and Sweden*: Icelandic Centre for Social Research and Analysis [Rannsóknir og greining].
- McCoy, S. og Smyth, E. (2007). So much to do, so little time: Part-time employment among secondary students in Ireland. *Work, Employment and Society*, 21(2), 227–246.
- McDonald, P., Bailey, J., Price, R. og Pini, B. (2012). School-aged workers: Industrial citizens in waiting? *Journal of Sociology*, 1–16. doi: 10.1177/1440783312458008
- Middleton, S. og Loumidis, J. (2001). Young people, poverty and part-time work. Í P. Mizen, C. Pole og A. Bolton (ritstj.), *Hidden hands: International perspectives on children's work and labour* (bls. 24–36). London: Routledge, Falmer.
- Mizen, P., Pole, C. og Bolton, A. (2001). Why be a school age worker? Í P. Mizen, C. Pole og A. Bolton (ritstj.), *Hidden hands: International perspectives on children's work and labour* (bls. 37–54). London: Routledge, Falmer.
- Morrow, V. (1994). Responsible children? Aspects of children's work and employment outside school in contemporary UK. Í B. Mayall (ritstj.), *Children's childhoods observed and experienced* (bls. 128–143). London og Washington: The Falmer Press.
- Mortimer, J.T. (2003). *Working and growing up in America*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Mortimer, J.T. (2007). Working and growing up in America: Myths and realities. Í B. Hungerland, M. Liebel, B. Milne og A. Wihstutz (ritstj.), *Working to be someone: Child focused research and practice with working children* (bls. 117–122). London og Philadelphia: Jessica Kingsley.
- Neuman, W.L. (2006). *Social research methods: Qualitative and quantitative approaches* (6. útg.). Boston: Pearson, Allyn & Bacon.
- Olsson, E. (2007). The economic side of social relations: Household poverty, adolescents' own resources and peer relations. *European Sociological Review*, 23(4), 471–485. doi: 10.1093/esr/jcm016
- Schoenhals, M., Tienda, M. og Schneider, B. (1998). The educational and personal consequences of adolescent employment. *Social Forces*, 77(2), 723–762.